

Texti skjals:

Tilgangur og umfang

Jafnlaunakerfi Límtré Vírnets ehf. byggir á staðli [ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar STA-0047](#) á grundvelli 7. gr. laga nr. [150/2020](#) um jafnlaunavottun.

Tilgangur og markmið jafnlauna- og launastefnu Límtré Vírnets ehf. er að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf og að kjör séu ætíð ákveðin út frá sömu forsendum, þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá Límtré Vírnet ehf.

Stefnan tekur til allra starfsmanna Límtré Vírnets.

Jafnlauna- & launastefna Límtré Vírnets ehf.

Límtré Vírnet ehf. leggur áherslu á jafnrétti og að nýta til jafns styrkleika alls starfsfólks þannig að hæfileikar og færni alls mannauðs njóti sín sem best og er það skjalfest með stefnu þessari.

Stefna Límtré Vírnets ehf. er að vera vinnustaður þar sem öll eru metin að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu og að öll hafi jöfn tækifæri til þess að axla ábyrgð og sinna verkefnum óháð kyni.

Í samræmi við jafnlaunastefnuna þarf að framfylgja launastefnu samhliða og ber **forstjóri** ábyrgð á launastefnu Límtré Vírnets. **Mannauðsstjóri** er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012. Launastefnan tekur til allra starfsmanna Límtré Vírnets.

Mannauðsstjóri, í samráði við **forstjóra** og **forstöðumenn** hverrar deilda fyrir sig, bera formlega ábyrgð á öllum launaákvörðunum og gæta þess að samræmis sé gætt við alla ákvarðanatöku þar um.

Launaákvörðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum, í samræmi við samninga og starfslýsingar sem skulu vera til fyrir öll störf. Í starfslýsingu komi fram þær megin kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs. Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum þáttum, svo sem menntun, starfsreynsla, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi og vinnuaðstæðum. Límtré Vírnet leitast við að greiða hærri laun en gildandi kjarasamningar til að halda í hæft starfsfólk og minnka starfsmannaveltu. Persónubundnir þættir geta haft áhrif á launamyndum starfsmanna.

Starfsfólk getur óskað eftir viðtali við sinn yfirmann um endurskoðun launa. Telji yfirmaður þörf á endurskoðun vísar hann rökstuðningi þar um til **mannauðsstjóra**.

Límtré Vírnet ehf. fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma.

Meginmarkmið í launa og starfsumhverfi Límtré Vírnets eru:

- að greiða öllum starfsmönnum sömu kjör fyrir sömu og jafn verðmæt störf,
- að vera vinnustaður þar sem allir starfsmenn eiga jafna möguleika bæði til starfs en líka til þróunar í starfi,
- að vera vinnustaður þar sem allir starfsmenn njóta sömu tækifæra til starfsþjálfunar og fræðslu,
- launastefna sé opinber, kynnt og gagnsæis sé gætt við ákvörðun launa.

Innleiðing, ábyrgð og rýni

Mannauðsstjóri er fulltrúi stjórnanda varðandi jafnlaunakerfið og ber ábyrgð á

- rekstri jafnlaunakerfisins, þ.e. skjalfestingu, innleiðingu, umbótum og framkvæmd ásamt því að sjá til þess að stefnunni og jafnlaunakerfinu í heild sé viðhaldið, það rýnt og endurskoðað.
- að rýni á árangri jafnlaunakerfisins sé framkvæmd árlega og að brugðist sé við ef þarf.
- að öll gögn sem rýna á liggi fyrir þegar kemur að árlegri rýni.
- í samráði við **forstjóra** og aðra **stjórnendur** ábyrgð á öllum launaákvörðunum og gæta þess að samræmis sé gætt við alla ákvarðanatöku þar um.

Stjórnendur Límtré Vírnets ehf. skuldbinda sig til að framfylgja og bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda stöðugum umbótum á öllum þáttum jafnlaunakerfisins.